



Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. maí 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðasjóð launa (framlenging hlutabótaleiðar, 811. mál).

Frumvarp um framlengingu hlutabótaleiðarinnar hefur tekið umtalsverðum breytingum frá fyrstu drögum sem kynnt voru aðilum vinnumarkaðarins. Kynntar hafa verið auknar kvaðir sem gilda til lengri tíma en áður var ráðgert.

Frumvarpið endurspeglar þá neikvæðu umræðu sem verið hefur undanfarnar vikur um hlutabótaleiðina. Samtökin geta tekið undir að í vissum tilvikum hefðu atvinnurekendur átt að leita annarra leiða í stað þess að nýta þetta úrræði en hér er þó einungis um að ræða atvinnurekendur með lítið brot þeirra 35 þús. launamanna sem úrræðið hefur sannanlega nýst.

Afleiðing þessarar neikvæðu umræðu er sú að atvinnurekendur telja orðsporsáhættu felast í notkun hlutabótaleiðarinnar. Kvaðir sem felast í frumvarpinu munu sumar hverjir auðvelda atvinnurekendum þá ákvörðun að hverfa frá notkun þessa úrræðis og leita annarra leiða til að draga úr launakostnaði.

Að mati samtakanna endurspeglar frumvarpið ekki nægilega vel það markmið að koma í veg fyrir uppsagnir. Þannig munu starfsmenn í sumum fyrirtækjum halda ráðningarsambandinu á grundvelli hlutastarfs en í öðrum verður þeim sagt upp störfum því atvinnurekandinn uppfyllir ekki tilteknar kröfur eða er ekki tilbúinn að undirgangast íþyngjandi kvaðir. Ekki verður séð hvernig það gagnast hagsmunum launafólks að mismuna því eftir stöðu hlutaðeigandi vinnuveitenda.

Athugasemdir við einstök ákvæði:

25% samdráttur tekna

Samtökin gera ekki athugasemd við að gerð verði krafa um tiltekinn tekjusamdrátt. Hér er þó rétt að hafa í huga að launakostnaður er mjög mishátt hlutfall veltu. Þannig geta fyrirtæki með hátt launahlutfall þurft að grípa til tímabundinna hlutastarfa við 10% tekjusamdrátt á meðan fyrirtæki með lágt launahlutfall grípa til annarra aðgerða. Því er rétt að meta, m.t.t. markmiða frumvarpsins, hvort taka eigi tillit til annarra þátta en einungis tekjusamdráttar.



Tekjusamdráttur eftir 1. mars 2020

Frumvarpið gerir ráð fyrir að tekjur atvinnurekanda hafi dregist saman um a.m.k. 25% frá 1. mars 2020 og „til þess dags er launamaður sækir um atvinnuleysisbætur eða staðfestir hjá Vinnumálastofnun áframhaldandi nýtingu á rétti sínum til atvinnuleysisbóta samkvæmt ákvæðinu...“

Samtökin gera athugasemdir við bæði upphaf og lok viðmiðunartímabils tekjusamdráttar.

Upphaf 1. mars

Ekki er rökstutt í frumvarpinu af hverju miða á upphaf tekjusamdráttar við 1. mars. Gildandi ákvæði heimilar greiðslu hlutabóta frá og með 15. mars 2020 því við það tímamark var þrengt mjög að starfsemi í atvinnulífinu með tilheyrandi áhrifum á tekjur fyrirtækjanna.

Samtökin hafa í sameiginlegri umsögn til efnahags- og viðskiptanefndar vegna frumvarps um stuðning vegna launa á uppsagnarfresti lagt til að miðað verði við tekjusamdrátt eftir 1. apríl 2020 og er sú tillaga ítarlega rökstudd í umsögninni. Ekki væri óeðlilegt að gæta þar samræmis en hvað frumvarp um framlengingu hlutabótaleiðar varðar þá getur einnig komið til greina að miða við tekjusamdrátt eftir 15. mars sl.

Lok við umsókn starfsmanns um atvinnuleysisbætur

Tilvísun til þess dags sem launamaður sækir um hlutabætur er að mörgu leiti óskýr tilvísun og í raun óeðlilegt, m.t.t. þeirra hagsmuna sem undir eru, að láta rétt launamanna hjá atvinnurekanda ráðast af því hvaða dag einstaklingur sendir inn umsókn um hlutabætur.

Þar sem breyting á bráðabirgðaákvæðinu á að taka gildi 1. júní nk. þá virðist gert ráð fyrir að ekki sé átt við umsóknir sem bárust á grundvelli þess ákvæðis sem gildi frá 15. mars til 31. maí, enda sérstaklega vísað til staðfestingar á „áframhaldandi nýtingu“. Því má gera ráð fyrir að annars vegar sé verið að vísa til nýrra umsókna um hlutabætur frá og með 1. júní eða síðar eða þá staðfestingar einstaklings, sem verðið hefur á hlutabótum, að hann óski eftir að vera áfram á hlutabótum frá og með 1. júní.

Þegar þetta er virt þá virðist sjálfgefið að miða síðara tímamarkið við 1. júní enda nokkuð ljóst að í 99% tilvika þá muni umsóknir, sem frumvarpið vísar til, berst í byrjun júní.

Tillaga

Tekjusamdráttur verði miðaður við tímabilið frá og með 1. apríl til og með 31. maí 2020.

Kvaðir

Í c. lið 1. gr. frumvarpsins eru kynntar margvíslegar kvaðir og forsendur fyrir því að launamenn njóta réttar til hlutabóta á grundvelli þessa úrræðis.



Samkvæmt almennum reglum vinnuréttar geta launamaður og atvinnurekandi samið um hækkun eða lækkun starfshlutfalls. Ekkert er því til fyrirstöðu að breytt starfshlutfall taki strax gildi. Sú sérkennilega staða gæti því komið upp að réttur launamanns til hlutabóta ráðist af því hvort atvinnurekandi sé tilbúinn að undirgangast þær kvaðir sem tilgreindar eru í frumvarpinu. Ef svo er ekki þá þarf launamaður að sækja um hlutabætur á grundvelli almennra ákvæða laganna um hlutabætur á móti lækkuðu starfshlutfalli. Það er mun lakari kostur fyrir launamanninn.

Samtökin mæla því með að kvaðir verði endurskoðaðar m.t.t. hagsmuna launamanna og svo þær torveldi ekki nauðsynlega fjármögnun og endurskipulagningu fyrirtækja í rekstrarvanda.

Arður: Mörg fyrirtæki leita nú að nýjum fjárfestum enda erfitt um vik að nálgast lánsfé. Það kann að reynast erfitt ef ekki verður heimilt að greiða úr arð næstu þrjú árin.

Það er einnig rétt að hafa í huga að stjórnendum er skv. hlutafélagalögum óheimilt að takmarka rétt hluthafafundar til að ákveða arðgreiðslu. Jafnvel þótt stjórn geri ekki tillögu til hluthafafundar um arðgreiðslu eiga hluthafar sem eiga samtals minnst 1/10 hluta hlutafjár kröfu um að tilteknum arði sé úthlutað, sbr. 2. mgr. 101 hfl. Að mati samtakanna er verið að takmarka þennan mikilvæga, lögbundna rétt minnihluta hluthafa ef arðgreiðsla verður ekki ákvörðuð nema með tilheyrandi tjóni fyrir félagið, þ.e. að því verði samhliða gert að endurgreiða atvinnuleysisbætur starfsmanna með álagi.

Rétt er að mati samtakanna endurskoða ákvæði um arðgreiðslur, stytta tímabilið og heimila takmarkaðar arðgreiðslur.

Kaup á eigin bréfum: Dæmi eru um að starfsmönnum er nú sagt upp störfum sem eiga lítinn hlut (partner / eigandi). Samkvæmt samningi ber atvinnurekanda að kaupa hlutinn komi til uppsagnar starfsmanns. Óhjákvæmilegt er að félög virði gerða samninga við starfsmenn. Það má ekki leiða til þess að aðrir starfsmenn, sem fara nú í hlutastarf, missi rétt til hlutabóta á grundvelli þessa úrræðis.

Í tengslum við endurskipulagningu og samruna fyrirtækja getur komið til kaupa á eigin bréfum. Rétt er að nefndin skoði hvort lögbinda verði undanþágur til að hamlar ekki nauðsynlegri hagræðingu í atvinnulífinu.

Sama á við um „aðra greiðslu til eigenda á grundvelli eignaraðildar hans“. Ef um er að ræða óhjákvæmilegar efndir samninga þá verður að telja þá ráðstöfun eðlilega.

Laun stjórnenda: Þegar frumvarpið var fyrst kynnt aðilum vinnumarkaðarins 7. maí var ekkert ákvæði um launapak. Næsta dag var svo komin inn tillaga um hámarkslaun, sem námu fjórföldum meðalheildarlaunum, á því tímabili sem starfsmenn nutu atvinnuleysisbóta í hlutastarfi. Þannig gildi þessi kvöð til ágústloka 2020. Nú er gerð tillaga um launapak stjórnenda til þriggja ára eigi starfsmenn fyrirtækis að eiga rétt á atvinnuleysisbótum á grundvelli þessa úrræðis.



Samtökin geta fallist á að þegar kreppir að eigi allir starfsmenn að taka þátt, einnig stjórnendur. Sú hefur einnig verið raunin í mörgum fyrirtækjum. Tillaga frumvarpsins um þriggja ára launapak stjórnenda er hins vegar alvarlegt inngríp í rekstur og stjórnun fyrirtækja. Þessi sömu fyrirtæki hafa fengið jafnlaunavottun lögum samkvæmt eða vinna að öflun hennar en nú vilja stjórnvöld ákveða með hvaða hætti laun einstakra starfsmanna eru ákvörðuð.

Ef forstjóri og framkvæmdastjórar fyrirtækis eru með umsamin laun yfir lögbundinni fjárhæð þá eru tveir möguleikar í stöðunni skv. frumvarpinu: a) að stjórnendur lækki fyrirvaralaust í launum frá og með 1. júní 2020 eða b) að starfsmenn fyrirtækisins í hlutastarfi eigi ekki rétt á hlutabótum. Hvorug leiðin er fær og verður ekki séð ákvæði þetta um launapak sé framkvæmanlegt.

Fiskvinnslan

Þegar hlutabótaleiðin var lögfest í mars sl. náði hún ekki til fiskvinnslufólks sem naut kauptryggingar. Gert var ráð fyrir að fiskvinnslufyrirtæki myndu nýta ákvæði laga nr. 51/1995 um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks og lá fyrir viljayfirlýsing stjórnvalda að fiskvinnslufólk og fiskvinnslufyrirtæki yrðu ekki verr sett en launafólk og fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum.

Þegar á reyndi kom í ljós að fiskvinnslufólk var verr sett en starfsfólk í hlutabótaleiðinni. Því var lögunum breytt og sérstök regla um fiskvinnslufólk í bráðabirgðaákvæðinu felld brott. Samhliða var lögum nr. 51/1995 um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóð vegna fiskvinnslufólks breytt og ákveðið að atvinnurekandi sem nýtti hlutabótaleiðina gæti ekki á árinu 2020 nýtt heimildir laga nr. 51/1995.

Nú ber svo við að tillaga um framlengingu hlutabótaleiðarinnar er bundin mun meiri kvöðum en vænta mátti. Ef fyrirtæki sem samið hafa við starfsmenn um hlutastarf vilja ekki fallast á þessar kvaðir þá hafa þau engu að síður afsalað sér rétti til að nýta rétt samkvæmt lögum nr. 51/1995. Segja má að það komi nú í bakið á hlutaðeigandi fyrirtækjum að hafa valið þá leið sem hagkvæmari var fyrir starfsfólkið. Rétt er því að skoða hvort opna eigi aftur að heimild samkvæmt lögun nr. 51/1995 ákveði fyrirtæki að nýta ekki hlutabótaleiðina eftir 1. júní 2020.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Ragnar Arnason, lögmaður,
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs



f.h. SVP - Samtaka verslunar og þjónustu

Benedikt S. Benediktsson, lögfræðingur

f.h. Samtaka ferðabjónustunnar

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri

f.h. Samtaka iðnaðarins

Björg Ásta Þórðardóttir, lögmaður
yfirlögfræðingur Samtaka iðnaðarins

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

Heiðmar Guðmundsson, lögfræðingur